

Ed.

460. Breytingartillaga

[165. mál]

við frv. til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Oddi Ólafssyni.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamála- stofnun fyrir þjónustu þá, sem hún veitir, þ. á m. fyrir póstgíró og uppsetningu, leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja. Hann lánar endurgjaldslaust talstöðvar í bifreiðar fatlaðs fólks að fenginni umsógn Öryrkjabandalags Íslands. Þó skulu ekki lánaðar fleiri en 25 á hverjum tíma. Ráðherra ákveður við næstu gjaldskrár- breytingu, að sama gjald komi fyrir hvert símtal sem fram fer innan sama númera- svæðis.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafist fyrir símtal við helstu þjónustu- og stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.

Að því skal stefnt að tekjur samkvæmt gjaldskrá nægi til þess að rekstrar- jöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.